



Alþingi
Erindi nr. P 139/1024
komudagur 20.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. desember 2010

VARÐAR: UMSÖGN UM MÁL NR.92 „Frumvarp til breytinga á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993 með síðari breytingum.

Ósk um umsögn frá Metan hf. barst í tölvupósti dags. 30.nóvember 2010 frá nefndarsviði Alþingis. Um er að ræða 92.mál , um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

Um er að ræða breytingar á lögum til tveggja ára sem heimilar hinu opinbera að niðurgreiði kostnað við að uppfæra (breyta) ökutæki svo unnt sé að nýta íslenskt metan í akstri.

Hér er um að ræða gott mál, sem rímar mjög vel við markmið stjórnvalda um allan heim um hvata og aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna notkunar vélknúinna samgöngutækja.

Líkindi standa til að breytingatillögur frumvarpsins hafi í för með sér jákvætt fjármagnsflæði fyrir ríkið á komandi misserum og árum. Vissulega er um að ræða útgjöld að hálfu ríkisins í fyrstu en við núverandi aðstæður í samfélaginu þykir líklegt að gjaldeyrissparnaður og lægri eldsneytiskostnaður geti aukið veltu og leyst úr læðingi fjármagn og drifkraft til verðmæta- og atvinnusköpunar í landinu. Ekki einvörðungu með beinum áhrifum vegna atvinnusköpunar við uppfærslu (breytingar) ökutækja heldur ekki síður vegna margvíslegra áhrifa sem aukin þörf fyrir þjónustu við ökutækin kallar á - aukin framleiðsla eldsneytis og uppbygging á dreifikerfi fyrir eldsneytið kemst fyrir á dagsskrá.

Samkeppnisfær framleiðsla á innlendu eldsneyti sem leggur grunn að fjölgun grænna starfa með sjálfbærum hætti og dregur samhliða úr þörf fyrir innflutning á jarðefnaeldsneyti er eftirsóknarverð þróun sem réttlætir virka aðkomu hins opinbera ef þörf er á. Frumvarpið skapar hvata sem styður þá þróun. Frumvarpið er afar hófstíll þar sem lagt er til að ákvæði þess gildi aðeins til ársins 2012.

Í von um jákvæð heildaráhrif frumvarpsins og væntinga um frekara samstarf, ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs, um málefni metanvæðingar í landinu á komandi misserum, er ekki gerð athugasemd við þróngan tímaramma frumvarpsins.

Virðingarfyllst

f.h. Metan hf.,

Björn H. Halldórsson,
framkvæmdastjóri